

#### IV. Ýms gjöld.

26

##### 1. Opnunargjöld.

9. marz

Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til Rafveitunnar, er óheimilt að opna aftur fyrir en notandi hefir greitt 1 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

##### 2. Sekt fyrir óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrir en notandi hefir greitt 2 kr. gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Rafveitunnar frá 12. júlí 1938.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. marz 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

## S A M Þ Y K K T

27

### um girðingu í Svínavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu.

15. marz

#### 1. gr.

Í Svínavatnshreppi skal vera gaddavirsgirðing frá Svínavatni, sem næst landamerkjum Svínavatns og Stóradals, svo austur að Blöndu yfir Ytri-Löngumýrar- og Tungunesland á hamarinn sunnan Tungness.

#### 2. gr.

Kostnað við girðingu þessa og viðhald hennar skal greiða af sauðfjár- og hrossaeigendum heimilisföstum á býlunum norðan girðingarinnar, innan Svínavatnshrepps og á býlunum Ytri-Löngumýri og Stóradal. Ennfremur af þeim sauðfjár- og hrossaeigendum, er hafa sauðfé eða hross á framangreindum býlum árlangt eða lengur.

Kostnaðinum skal jafnað niður þannig, að sama gjald komi á hvert hross veturgamalt eða eldra og á hverjar 5 kindur veturgamlar eða eldri, þó skulu þeir, sem hafa að meira eða minna leyti afgirt beitolönd sín, aðeins greiða hálf gjöld.

Gjaldtagi á niðurfjöfnum gjöldum félagsmanna skal vera þremur vikum eftir niðurfjöfnun. Gjöld félagsmanna má taka lögtaki.

#### 3. gr.

Allir gjaldendur til girðingarinnar mynda félag, er nefnist Múlagirðingarfélag; hafa allir meðlimir þess atkvæðis- og tillögurétt á fundum þess. Jafnframt eru þeir skyldir til að gegna þeim störfum, er félagið felur þeim (stjórnarstörf, endurskoðun o. þ. h.) endurgjaldslaust, þó aldrei lengur en 3 ár í senn. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

27

15. marz

4. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega að vorinu, ekki síðar en í maímánuði. Á aðalfundi skal kjósa stjórn félagsins, er skipuð sé þremur mönnum til þriggja ára í senn og einn endurskoðanda til sama tíma. Endurskoðaða reikninga félagsins fyrir síðastliðið ár skal leggja fram árlega á aðalfundi til úrskurðar. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

5. gr.

Stjórn félagsins kys sér formann og skiptir að öðru leyti með sér störfum. Hún skal sjá um viðhald girðingarinnar, annast innheimtu, reikningsskil o. fl. Ennfremur skal hún boða til funda félagsins. Fundur er lögmætur ef einn þriðji hluti félagsmanna er mættur. Fundarstaður skal vera á félagssvæðinu.

6. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á lögmætum aðalfundi, enda greiði minnst  $\frac{2}{3}$  hlutar mætttra félagsmanna atkvæði með breytingunni og komi til samþykki hreppsnefndar og staðfesting atvinnuáráðuneytisins.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt um girðingu í Svinavatns-  
hreppi frá 3. júlí 1911.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt girðingalögum nr. 66 22. nóv. 1913 til að öðlast gildi 1. apríl 1940, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. marz 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

28

16. marz

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir sjóveitu Vestmannaeyjakaupstaðar  
nr. 46 29. marz 1938.

1. gr.

Í 1. gr. gjaldskrárinnar falli niður „Af óverkuðum fiski (blautfiski) greiðist 4 aurar“, en í þess stað komi: Af ísfiski og hraðfrystum fiski greiðist 1 króna af brúttó smálest.

2. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 28 8. september 1931, um sjóveitu í Vestmannaeyjum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. marz 1940.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*